

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 14.01.2021

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík, kl 11:00

Mætt: Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson, Hjörtur Guðnason sérlegur gestur sr. Kristján Björnsson vígslubiskup.

Dagskrá fundar:

1. Umræður um húsnæðið í Skálholti. Gestur verður sr. Kristján Björnsson, biskup.
2. Fundargerð síðasta fundar afgreidd.
3. Fjármál.
4. Undirbúningur hönnunar sýningarinnar í Gestahúsi.
5. Önnur mál.

1. Húsnæðið í Skálholti:

Menntamálaráðuneytið hefur veitt okkur myndarlegan styrk til að hefja framkvæmdir á Skálholti. Félaginu er því ekkert að vanbúnaði við að hefja framkvæmdir þegar leyfi fæst hjá Kirkjunni. Kristján er vongóður um að hægt verði að byrja inni fljótlega. Einnig hefur Kirkjan veitt fé til framkvæmda að sínum hluta.

2. Fundargerð síðasta fundar:

Engar athugasemdir voru gerðar við síðustu fundargerð.

3. Fjármál:

Staðan er bara mjög góð, vel hefur gengið sækja styrki til fyrirtækja, þar ber að þakka Svani enn og aftur í þeim efnum.

4. Undirbúningur hönnunar sýningar í Gestastofu:

Ákveðið var að halda aukafund í næstu viku varðandi það.

5. Önnur mál:

Prenttækni spyr hvort við viljum eldri myndavél sem ættuð er frá Litróf. Bókavirkið er bjóða okkur skurðarhníf og Múlalundur er með lausaletur og handsax sem við getum fengið.

Ekki er nokkur leið að geyma fleiri stóra hluti, því húsnæði er ekkert. Grímur ætlar að skoða letur og sax hjá Múlalundi.

Fundi slitið 12:02.